

FJÁRMÁLA**E**FTIRLITIÐ

Tilvísun: 2008100037

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 9. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, til Nýja Landsbanka Íslands hf., kt. 471008-0280.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftifarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf.:

FORSENDUR

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf. var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða aðrar forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega, gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta. Fyrirvari þessi var talinn nauðsynlegur í ljósi þess hve ákvörðunina bar brátt að og vegna þeirra ríku hagsmuna sem fölgfir voru í því að koma í veg fyrir að starfsemi Landsbanka Íslands hf. stöðvaðist þann 9. október sl.


Nú liggur það fyrir að Nýja Landsbanka Íslands hf. er af ýmsum veigamiklum ástæðum ekki mögulegt að taka við réttindum og skyldum samkvæmt þeim *afleiðusamningum* sem ráð var fyrir gert í fyrri ákvörðun að hann gerði. Um nánari ástæður þess liggur fyrir minnisblað bankastjóra Nýja Landsbanka Íslands hf., dags. 10. október 2008, auk fleiri gagna. Verði ákvörðuninni ekki breytt að þessu leyti er talið sýnt að Nýi Landsbanki Íslands hf. muni vanefna skuldbindingar samkvæmt þeim samningum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Er það því mat Fjármálaeftirlitsins að nauðsyn beri til þess að taka nýja ákvörðun þess efnis að Nýi Landsbanki Íslands hf. yfirtaki ekki réttindi og skyldur samkvæmt afleiðusamningum sem Landsbanki Íslands var aðili að. Í ljósi áðurgreindrar heimildar til endurupptöku fyrri ákvörðunar er því tekin svofell:


ÁKVÖRÐUN:

Fjármálaeftirlitið ákveður hér með að fella úr gildi 2. ml. 7. tl. í ákvörðun sinni frá 9. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf. Ákvörðunin tekur gildi í lok dags 12. október 2008.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

12. október 2008


Jón Sigurðsson
Formaður stjórnar


Jonas Fr. Jonsson
Forstjóri